

# REGLUGERÐ

## um veiðieftirlitsgjald.

### 1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald – veiðieftirlitsgjald – fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á fiskveiðiárinu 1. september 1994 til 31. ágúst 1995, á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

### 2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 sbr. lög nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, skal greiða fast gjald, 12.400 kr.

### 3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við aflamark af einstökum tegundum metið til þorskígilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 99 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni, skal þó aldrei vera lægra en 2.200 kr.

### 4. gr.

Fyrir leyfi til að veiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 skal greiða fast gjald, 12.400 kr. fyrir hvert leyfi.

### 5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.22, ufsi 0.48, karfi 0.46, grálúða 0.88, skarkoli 1.01, rækja 0.99, humar (slitinn) 9.52, hörpuðiskur 0.42, síld 0.09, loðna 0.06.

### 6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við afhendingu veiðiheimilda. Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari rennur til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu.

### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum sbr. lög nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi frá 1. september 1993 reglugerð nr. 321, 10. ágúst 1993, um veiðieftirlitsgjald.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 11. ágúst 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*